



VEGAGERÐIN
ÞJÓÐVEGIR LANDSINS - SUMAR
ÁGÚST - SEPTEMBER 2012

**AÐFERÐ****BLS. 3****HELSTU NIÐURSTÖÐUR****BLS. 4****ÍTARLEGAR NIÐURSTÖÐUR**

	Bls.
SP1: VIÐHORF TIL VEGAGERÐARINNAR	5
SP2: ÞJÓÐVEGIR LANDSINS	7
SP3: BÆTA Á ÞJÓÐVEGUM	9
SP4: KANTSTIKUR	13
SP5: YFIRBORÐSMERKINGAR	15
SP6: MERKINGAR V/VEGAFRAMKVÆMDA	17
SP7: HVAÐ MÁ BÆTA?	19
SP8: LEITAD UPPLÝSINGA	24
SP9: LEIÐAGREINING	26



MARKMIÐ OG FRAMKVÆMD

Könnun þessi er gerð af Maskínu fyrir Vegagerðina. Markmið hennar var að meta viðhorf almennings til Vegagerðarinnar og hennar starfa auk þess að forgangsraða mikilvægustu verkefnum.

Könnunin var lögð fyrir Þjóðgátt Maskínu á netinu, sem er panelhópur, auk þess sem hringt var í slembiúrtak úr Þjóðskrá. Þessi könnun fór fram dagana 23. ágúst til 3. september 2012. Í úrtakinu voru samtals 1.745 manns á aldrinum 18-75 ára af öllu landinu. Netpóstur var sendur á Þjóðgáttina og starfsmenn Maskínu hringdu í þann hluta sem lenti í símaúrtaki.

Við úrvinnslu voru gögnin vigtuð til samræmis við samsetningu Þjóðskrár að teknu tilliti til kyns, aldurs og búsetu. Við vigtun gagna breytast fjöldataölur og vegna námundunar geta uppgefnar samtölur verið örlítið frábrugðnar þegar tölur fyrir tiltekna hópa eru lagðar saman.

Úrtak og svörun

Upphaflegt úrtak:	1745
Látnir, fluttir, finnast ekki o.s.frv.	61
Endanlegt úrtak:	1684
Næst ekki í:	489
Neita að svara:	44
Fjöldi svarenda:	1151
Svarhlutfall:	68,3%

Reykjavík, 11. september 2012.
Með þökk fyrir gott samstarf,
Þóra Ásgeirsdóttir
Þorlákur Karlsson
Berglind Hermannsdóttir

	Hlutfall í		
	Gild	endanlegu	úrtaki
	svör	úrtaki	eftir vigtun
	Fjöldi	%	skv. þýði
			%
Kyn			
Karl	564	49,0	48,4
Kona	586	51,0	51,6
Búseta			
Reykjavík	444	39,5	39,4
Nágr.sveit.RVK	275	24,4	24,9
Landsbyggð	406	36,1	35,7
Aldur			
Yngri en 25 ára	47	4,1	13,9
25-34 ára	131	11,4	18,5
35-44 ára	236	20,5	17,6
45-54 ára	309	26,9	18,3
55 ára og eldri	427	37,1	31,7

STUTTAR SKÝRINGAR Á TÖLFRÆÐIHUGTÖKUM Í SKÝRSLU

Meðaltal í könnunum er mæligildi á svonefnda miðsækni svara. Það segir til um hvar þungamiðja svara við tiltekinni spurningu liggur. Formúla meðaltals í orðum er einfaldlega að tölugildi svara allra þátttakenda eru lögð saman og deilt í með fjölda svara.


Staðalfrávik í könnunum er mæligildi á það hve mikið svör við tiltekinni spurningu sem er mæld á samfelldan kvarða dreifast í kringum meðaltal hennar. Þannig að í tiltekinni viðhorfsspurningu þýðir lágt staðalfrávik að lítil munur sé á viðhorfi svarenda og meira að marka meðaltalsviðhorfið en þegar staðalfrávik er hátt, sem myndi þýða að meiri munur væri á viðhorfi svarenda.

Kí-kvaðrat próf er marktektarpróf sem er notað til að meta hvort að marktækur munur er á bakgrunnshópum á svarkvörðum sem ekki teljast samfelldir.

ANOVA er skammstöfun á Analysis of Variance sem hefur verið nefnt dreifigreining á íslensku. ANOVA m etur það hvort marktækur munur er á meðalgildum svara við spurningu á samfelldum kvarða.



- Langstærstur hluti almennings er frekar jákvæður (49,2%) eða hvorki jákvæður né neikvæður (31,1%) til Vegagerðarinnar. Meðaltalið er ekki ýkja hátt, eða 6,5 á kvarðanum 0-10, en hefur hækkað örlítið frá síðustu mælingu. Á myndinni hér fyrir neðan má sjá meðatal nú og fyrir síðustu 6 mælingar þar á undan. Það eru íbúar í Suðvesturkjördæmi og Reykjavíkurborgum sem eru jákvæðastir í garð Vegagerðarinnar en íbúar í Suðurborgum neikvæðastir.




- Milli 42 og 43% svarenda segja að þjóðvegir á Íslandi séu almennt góðir. Yngri svarendur segja áberandi frekar en þeir eldri að þjóðvegir á Íslandi séu almennt góðir.
- Þegar svarendur eru spurðir um hvað þeir vilji helst bæta á þjóðvegum landsins nefnir stærsti hópurinn (47,1%) það að breikka vegi. Líkt og í fyrri mælingum er þetta langstærsti hópurinn. Næstflestir nefna það að auka við bundið slitlag (29,7%).
- Slétt 54% segjast telja kantstíkur meðfram vegum vera fullnægjandi á þjóðvegum landsins og rétt rúmlega 45% telja yfirborðsmerkingar fullnægjandi.
- Rúmlega 57% segja að merkingar á vegum, þar sem vinna fer fram við vegi, séu fullnægjandi en 21-22% telja þær ófullnægjandi.
- Yfir 82% þeirra sem hafa leitað upplýsinga hjá Vegagerðinni hafa nýtt sér heimasíðu stofnunarinnar. Rúm 28% nota textavarpíð og hefur þetta hlutfall aukist talsvert síðan í síðustu mælingu. Að sama skapi hefur upplýsingaleit í síma minnkað talsvert og segjast nú 22% svarenda hafa nýtt sér símapjónustuna.




Sp. 1. Ert þú jákvæð(ur) eða neikvæð(ur) gagnvart Vegagerðinni?

	Fjöldi	%
Mjög jákvæð(ur) (10)	123	10,8
Frekar jákvæð(ur) (7,5)	563	49,2
Hvorki né (5,0)	355	31,1
Frekar neikvæð(ur) (2,5)	85	7,5
Mjög neikvæð(ur) (0,0)	16	1,4
Gild svör	1143	100,0



	Fjöldi	%
Gild svör	1143	99,3
Svöruðu ekki	8	0,7
Heildarfjöldi	1151	100,0

Meðaltal	6,51
Staðalfrávik	2,08
Meðaltal maskína	5,93



Slétt 60% svarenda eru jákvæð í garð Vegagerðarinnar en tæp 9% eru neikvæð í garð hennar. Þetta eru svipaðar tölur og í síðustu mælingu í apríl 2012 en þá kváðust 58% jákvæð í garð Vegagerðarinnar og 11% neikvæð. Meðaltalið er 6,51 sem er um það bil mitt á milli valmöguleikanna hvorki né og frekar jákvæð(ur) og er mjög svipað og í síðustu mælingu (6,42) en hærra en Maskínumeðaltalið (5,93), sem er meðaltal sömu spurningar í öðrum þjónustukönnunum sem Maskína hefur gert.

Nokkur munur er á viðhorfi til Vegagerðarinnar eftir bakgrunnsþáttum eins og sjá má á næstu síðu. Íbúar nágrennsveitarfélaga Reykjavíkur eru jákvæðari en íbúar annarra sveitafélaga og svarendur sem hafa náð 55 ára aldri er jákvæðari en svarendur á aldrinum 25 til 44 ára. Fleiri dæmi um marktækan mun á viðhorfum er að svarendur í Suðvesturkjördæmi eru jákvæðari en þátttakendur í Suðurlkjördæmi.



Sp. 1. Ert þú jákvæð(ur) eða neikvæð(ur) gagnvart Vegagerðinni?


	Gild svör		Í meðallagi	Jákvæð(ur)		
	Fjöldi	%				
Kyn						
Karl	554	9,4	27,3	63,4		6,62
Kona	590	8,5	34,7	56,8		6,41
Aldur*						
Yngri en 25 ára	160	4,4	40,0	55,6		6,49
25-34 ára	211	8,5	37,4	54,0		6,31
35-44 ára	201	11,9	31,3	56,7		6,27
45-54 ára	209	10,0	28,7	61,2		6,51
55 ára og eldri	362	8,8	24,6	66,6		6,77
Búseta*						
Reykjavík	441	6,6	33,1	60,3		6,61
Nágr.sveitarfélög Rvk.	279	7,9	26,5	65,6		6,71
Önnur sveitarfélög	398	12,3	31,7	56,0		6,28
Kjördæmi*						
Reykjavíkurborg	441	6,6	33,1	60,3		6,61
Suðvesturkjördæmi	279	7,9	26,5	65,6		6,71
Norðvesturkjördæmi	98	13,3	25,5	61,2		6,38
Norðausturkjördæmi	157	8,9	33,1	58,0		6,44
Suðurkjördæmi	142	14,8	34,5	50,7		6,04
Fjölskyldutekjur						
399 þúsund eða lægri	257	8,6	35,8	55,6		6,37
400-549 þúsund	200	8,5	30,5	61,0		6,63
550-799 þúsund	255	11,4	26,7	62,0		6,53
800 þúsund eða hærrí	286	8,4	30,1	61,5		6,50
Menntun						
Grunnskólapróf eða minna	71	18,3	25,4	56,3		6,19
Grunnskólapróf og viðbót	157	7,6	35,0	57,3		6,46
Framhaldsskólapróf	447	7,8	32,4	59,7		6,52
Háskólapróf	423	9,0	27,9	63,1		6,62

*Marktækur munur á milli hópa skv. ANOVA prófi ($p < 0,05$).




Sp. 2. Finnst þér þjóðvegir á Íslandi almennt vera góðir eða slæmir?

	Fjöldi	%
Mjög góðir (10,0)	10	0,9
Frekar góðir (7,5)	473	41,7
Hvorki góðir né slæmir (5,0)	302	26,6
Frekar slæmir (2,5)	305	26,9
Mjög slæmir (0,0)	46	4,0
Gild svör	1136	100,0



	Fjöldi	%
Gild svör	1136	98,7
Svöruðu ekki	15	1,3
Heildarfjöldi	1151	100,0

Meðaltal 5,21
Staðalfrávik 2,34



Á milli 42% og 43% svarenda þykja þjóðvegir á Íslandi almennt góðir en um 31% þykir þeir almennt slæmir. Meðaltalið er 5,21 á kvarðanum 0-10 sem er mjög nálægt því sem síðustu fjórar mælingar gefa til kynna.

Á næstu síðu sést að munur er á því hvernig svarendum þykja þjóðvegir landsins eftir kyni og aldri. Kvensvarendur þykir þeir betri en karlsvarendur og þeir sem eru yngri en 25 ára telja þá að meðaltali betri en þeir sem eldri eru.



Sp. 2. Finnst þér þjóðvegir á Íslandi almennt vera góðir eða slæmir?

	Gild	Slæmir	Í meðallagi	Góðir		
	svör					
	Fjöldi	%	%	%		
Kyn*						
Karl	547	34,0	26,1	39,9		5,04
Kona	589	28,0	27,0	45,0		5,37
Aldur*						
Yngri en 25 ára	153	17,6	26,8	55,6		6,00
25-34 ára	212	37,7	23,1	39,2		4,89
35-44 ára	202	37,1	26,2	36,6		4,92
45-54 ára	210	32,9	30,5	36,7		4,98
55 ára og eldri	360	27,5	26,7	45,8		5,36
Búseta						
Reykjavík	433	28,4	27,0	44,6		5,32
Nágr.sveitarfélög Rvk.	278	27,0	29,1	43,9		5,37
Önnur sveitarfélög	399	35,6	24,1	40,4		5,02
Kjördæmi						
Reykjavíkurborg	433	28,4	27,0	44,6		5,32
Suðvesturkjördæmi	278	27,0	29,1	43,9		5,37
Norðvesturkjördæmi	100	37,0	27,0	36,0		4,95
Norðausturkjördæmi	158	32,9	21,5	45,6		5,22
Suðurkjördæmi	141	38,3	24,1	37,6		4,84
Fjölskyldutekjur						
399 þúsund eða lægri	257	25,3	24,1	50,6		5,51
400-549 þúsund	199	32,7	23,1	44,2		5,28
550-799 þúsund	256	31,6	26,6	41,8		5,19
800 þúsund eða hærri	287	32,8	28,6	38,7		5,07
Menntun						
Grunnskólapróf eða minna	70	40,0	20,0	40,0		4,86
Grunnskólapróf og viðbót	156	33,3	26,3	40,4		5,07
Framhaldsskólapróf	445	33,0	26,5	40,4		5,11
Háskólapróf	429	26,1	28,2	45,7		5,42

*Marktækur munur á milli hópa skv. ANOVA prófi ($p < 0,05$).




Sp. 3. Hvað af eftirtöldu viltu helst bæta á þjóðvegum landsins?


	Fjöldi	%
Breikka vegi	526	47,1
Auka við bundið slitlag	331	29,7
Slétta vegi	110	9,8
Bæta málun á bundnu slitlagi	25	2,2
Fækka einbreiðum brúm	20	1,8
Fjölga viðvörunarmerkjum	12	1,1
Annað*	92	8,2
Gild svör	1116	100,0

** Flokknum „Fækka einbreiðum brúm“ var bætt við eftir kóðun.

	Fjöldi	%
Gild svör	1116	97,0
Svöruðu ekki	35	3,0
Heildarfjöldi	1151	100,0



*Svör sem flokkuð voru undir „Annað“ eru tilgreind á næstu bls.



Stærsti hópurinn vill breikka vegi, eða um 47%, og næststærsti hópurinn vill auka við bundið slitlag (hátt í 30%) og næstum 10% vilja slétta vegi. Tiltölulega fáir velja aðra valkosti en rúmlega 8% velja að tilgreina annað sem þeir vilja helst bæta. Á næstu tveimur síðum má eru svör þeirra sem velja valmöguleikann „annað“.

Á næstu síðu sést að marktækur munur er milli margra hópa. Þannig vilja t.d. 34 ára og yngri í meiri mæli breikka vegi en svarendur sem eru 55 ára eða eldri vilja frekar auka við bundið slitlag. Þar sem marktækur munur kemur fram á hópum eru hæstu og lægstu hlutföll feitletruð.



Sp. 3. Hvað af eftirtöldu viltu helst bæta á þjóðvegum landsins?

*Annað

- Allt hér að ofan. (6)
- Að maður geti stoppað og þurfi ekki að rása áfram.
- Að nýframkvæmdir séu gerðar af einkaaðilum og veggjald innheimt.
- Að Vegagerðin fái fjármagn til að viðhalda vegunum skammlaust.
- Að Vegagerðin hætti að búa til hættulegar beygjur þar sem hægt er að hafa vegina beina, algjörlega útfí hött og skapar bara hættu á útafakstri. Sbr. Suðurstrandræveginn, allur í hlykkjum og þ.a.l. einn eftirsóttasti vegur fyrir mótorhjólamenn að þeysa langt yfir.
- Að skilja akstursstefnur þar sem því verður viðkomið.
- Auka vegrið-breikka-bundið-slitlag-slétta-mála.
- Auka við vegrið á hættulegum stöðum.
- Aukna jarðgangagerð.
- Á nýjum vegum á ekki að þurfa að fara á móti umferð ef maður beygir til vinstri.
- Á Vestfjörðum. (3)
- Bera ofan í malarvegina.
- Breikka allar brýr.
- Breikka einbreiðar brýr. (2)
- Breikka og fá axlir fyrir hjól og gangandi.
- Breikka í 2 akreinar af og til (fyrir framúrtöku). Eins og tíðkast erlendis.
- Breikka og mála betur. (2)
- Breikka vegi og bæta merkingar yfirleitt.
- Breikka vegi og fækka einbreiðum brúum og auka bundið slitlag. (2)
- Breikka vegi og gera útskot svo fólk geti stoppað og notið náttúrunnar eða stoppað til annara hluta.
- Breikka vegi, slétta veg og auka við bundið slitlag.
- Breikka vegi, slétta vegi og setja göng þar sem við á.
- Breikka, slétta og laga ónýtt slitlag.
- Breyta vegum eins og í uppsveitum Borgarfjarðar, þeir eru eiginlega ókeyrandi.
- Bundið slitlag, breikka og slétta. (2)
- Byggja undir vegi og breikka, þeir eru mjög slitnir í kantana og undirlagið að gefa sig víða.
- Bæta lýsingu.
- Bæta merkingar og bæta við tungumálum þar sem við á.
- Bæta merkingar og leiðbeingar þannig að þær komi fyrir í ljós en nú er.
- Bæta merkingar, staðsetningar og annað slíkt.
- Bæta vegi í dreifbýli.
- Bæta vinnusvæðamerkingum.
- Fjölga akreinum og vegir eru líka of ójafnir.
- Fjölga vegriðum.
- Fleiri akreinar. (2)
- Fækka beygjum.
- Fækka einbreiðum brúum á hringvegi 1, suðurleiðina, leggja hringveg 1 stystu leið og forðast tafir í leið, s.s. ekki í gegnum öll þorp og ekki heim í hlað á öllum gististöðum á leiðinni. Malbika hringveg 1 allan hringinn.
- Fækka fjallvegum, fjölga jarðgöngum.
- Fækka gatnamótum Rv- Selfoss, setja hringtorg og hliðarvegi sbr. vegagerð í Frakklandi.
- Færa áherslu frá göng til breikkunar vega og aukið bundið slitlag.
- Færri skilti sem hindra útsýni.



Sp. 3. Hvað af eftirtöldu viltu helst bæta á þjóðvegum landsins?

- Gera brýr og vegi a.m.k. tvöfalda.
- Hafa þá tvíbreiða ef flutningabíla á að leyfa á þjóðvegum.
- Hafa þvottabrettisáferð á miðjum vegi og við kantana.
- Halda færðinni góðri á veturna.
- Halda við bundnu slitlagi.
- Herjólf.
- Hjólastíga. (2)
- Hjólreiðaakrein. (3)
- Hætta með repjumalbik, stórhættulegur andskotil
- Jarðgöng á Austurlandi.
- Klárlega á að malbika allan þjóðveginn, Eins hafa þeir ekki sinnt sinni skyldu um að halda þjóðvegnum á milli lands og Eyja opnum með að dæla og vera með almennilegan búnað til þess.
- Laga malbikið þar sem eru holur.
- Laga rákirnar í vegum sem eru stórhættulegar í mikilli rigningu.
- Láta banna lausagöngu búfjár með lögum, sem yrði líklega ein ódýrasta öryggisaðgerð sem hægt væri að gera í sambandi við vegakerfið.
- Leggja nýja vegi með heilbrigða skynsemi að leiðarljósi þ.e. leggja nýja vegi með aukið framsýni og færri beygjur, til að auka umferðaröryggi.
- Leyfa einkaaðilum að byggja og reka vegi, sbr. Spól ehf. og Hvalfjarðargöngin.
- Losna við einbreiðar brýr og bæta merkingar af öllu tagi.
- Lækka gjaldtöku á þjóðvegnum til Vestmannaeyja (Herjólfí).
- Malarvegi t.d. Skorradal.
- Malbik í stað olíumalar. (2)
- Malbika vegaxlir til að auka öryggi ökumanna og hjólreiðafólks.
- Málun og stikur á Þingvallavegi séu ekki úti í móa.
- Merkingar.
- Miklu betri staðarmerkingar og að þær komi fyrr, ekki við vegamótin!
- Minnka þungaflutninga á vegunum.
- Mætti gera ráð fyrir því að þar sem eru þjóðvegir er líka gangandi fólk eða hjólreiðamenn. Alltaf að gera hjólastíg við hlið þjóðvega. Þetta hefur alltof oft skapað mikla hættu í sumar.
- Ný Norðfjarðagöng í forgang.
- Oddsskarðsgöng.
- Styttu vegalengdir á milli staða.
- Tvær akreinar í hvora átt 50 km út frá höfuðborginni.
- Tvöfalda akreinar, allavega í nágrenni Rvk.
- Tvöfalda allar brýr og bæta við varúðarmerkjum og slétta vegi og merkja miklu betur.
- Tvöfalda akreinar. (3)
- Tvöfalda þjóðveg 1.
- Tvöfalda akgreinar að Hvalfjarðargöngum og Selfossi þar sem meirihluti landsmanna býr sem standa undir vegakostnaði skv. því!
- Varðandi blindhæðir.
- Veit ekki.
- Það þyrfti að breikka veginn við Gullfoss og Geysi og setja undirgöng fyrir fólk að labba upp á Geysissvæði, makalaust að ekki skuli hafa orðið dauðaslys þarna.



Sp. 3. Hvað af eftirtöldu viltu helst bæta á þjóðvegum landsins?


	Gild svör		Auka við		Aðrir flokkar
	Fjöldi	%	bundið slitlag %	Slétta vegi %	
Kyn					
Karl	557	43,8	32,5	9,2	14,5
Kona	594	47,5	25,3	9,9	17,3
Aldur*					
Yngri en 25 ára	159	36,5	25,8	18,9	18,9
25-34 ára	213	57,3	17,8	11,7	13,1
35-44 ára	203	46,8	30,5	8,4	14,3
45-54 ára	211	47,9	30,3	7,1	14,7
55 ára og eldri	365	41,1	34,8	6,0	18,1
Búseta					
Reykjavík	443	48,1	26,4	8,1	17,4
Nágr.sveitarfélög Rvk.	280	48,6	25,7	7,9	17,9
Önnur sveitarfélög	403	41,9	32,5	11,7	13,9
Kjördæmi*					
Reykjavíkurborg	443	48,1	26,4	8,1	17,4
Suðvesturkjördæmi	280	48,6	25,7	7,9	17,9
Norðvesturkjördæmi	100	32,0	43,0	16,0	9,0
Norðausturkjördæmi	158	44,9	31,6	11,4	12,0
Suðurkjördæmi	144	45,8	26,4	9,0	18,8
Fjölskyldutekjur					
399 þúsund eða lægri	258	39,5	31,8	10,9	17,8
400-549 þúsund	201	46,8	30,3	10,9	11,9
550-799 þúsund	256	49,2	27,0	11,7	12,1
800 þúsund eða hærri	288	47,9	28,8	5,9	17,4
Menntun*					
Grunnskólapróf eða minna	73	41,1	28,8	11,0	19,2
Grunnskólapróf og viðbót	157	37,6	28,7	17,8	15,9
Framhaldsskólapróf	448	47,5	29,5	9,4	13,6
Háskólapróf	428	47,7	29,7	7,2	15,4

*Marktækur munur á milli hópa skv. Kíkvaðrat prófi ($p < 0,05$).




Sp. 4. Finnst þér kantstikur meðfram vegum vera fullnægjandi eða ófullnægjandi á þjóðvegum landsins?

	Fjöldi	%
■ Fullnægjandi	602	54,0
■ Hvorki né	386	34,6
■ Ófullnægjandi	126	11,3
Gild svör	1114	100,0



	Fjöldi	%
Gild svör	1114	96,8
Svöruðu ekki	37	3,2
Heildarfjöldi	1151	100,0



*Brotalínan gefur til kynna breytingar á þessari spurningu frá síðustu mælingu en þá var spurt: „Finnst þér kantstikur og yfirborðsmerkingar, þ.e. málun, vera fullnægjandi eða ófullnægjandi á þjóðvegum landsins?“

Slétt 54% svarenda telja kantstikur fullnægjandi og yfir 11% telja þær ófullnægjandi. Á næstu síðu sést að körlumþykja þær frekar fullnægjandi en konum og svarendum sem eru yngri en 25 ára og þeim sem búa í öðrum sveitarfélögum en Reykjavík þykja þær frekar fullnægjandi.



Sp. 4. Finnst þér kantstikur meðfram vegum vera fullnægjandi eða ófullnægjandi á þjóðvegum landsins?


	Gild svör	Ófull nægjandi	Hvorki né	Fullnægjandi
	Fjöldi	%	%	%
Kyn*				
Karl	544	7,7	30,7	61,6
Kona	570	14,7	38,4	46,8
Aldur*				
Yngri en 25 ára	150	11,3	20,0	68,7
25-34 ára	207	12,6	33,3	54,1
35-44 ára	198	9,1	39,9	51,0
45-54 ára	205	10,2	38,5	51,2
55 ára og eldri	353	12,7	36,3	51,0
Búseta*				
Reykjavík	426	14,8	35,4	49,8
Nágr.sveitarfélög Rvk.	274	10,9	33,9	55,1
Önnur sveitarfélög	391	7,9	33,8	58,3
Kjördæmi				
Reykjavíkurborg	426	14,8	35,4	49,8
Suðvesturkjördæmi	274	10,9	33,9	55,1
Norðvesturkjördæmi	100	12,0	32,0	56,0
Norðausturkjördæmi	156	5,1	34,0	60,9
Suðurlandkjördæmi	135	8,1	34,8	57,0
Fjölskyldutekjur				
399 þúsund eða lægri	251	11,2	27,9	61,0
400-549 þúsund	196	12,8	35,7	51,5
550-799 þúsund	255	10,2	31,4	58,4
800 þúsund eða hærrí	284	8,8	40,5	50,7
Menntun				
Grunnskólapróf eða minna	71	9,9	32,4	57,7
Grunnskólapróf og viðbót	155	14,8	37,4	47,7
Framhaldsskólapróf	439	12,5	33,3	54,2
Háskólapróf	423	8,5	35,2	56,3

*Marktækur munur á milli hópa skv. Kíkvaðrat prófi ($p < 0,05$).




Sp. 5. Finnst þér yfirborðsmerkingar, þ.e. málun vera fullnægjandi eða ófullnægjandi á þjóðvegum landsins?

	Fjöldi	%
■ Fullnægjandi	498	45,1
■ Hvorki né	412	37,3
■ Ófullnægjandi	194	17,6
Gild svör	1104	100,0



	Fjöldi	%
Gild svör	1104	95,9
Svöruðu ekki	47	4,1
Heildarfjöldi	1151	100,0



*Brotalínan gefur til kynna breytingar á þessari spurningu frá síðustu mælingu en þá var spurt: „Finnst þér kantstíkur og yfirborðsmerkingar, þ.e. málun, vera fullnægjandi eða ófullnægjandi á þjóðvegum landsins?“

Rétt rúmlega 45% svarenda telja yfirborðsmerkingar fullnægjandi og 17-18% telja þær ófullnægjandi. Á næstu síðu sést að körlum þykja þær frekar fullnægjandi en konum og svarendum sem eru yngri en 25 ára þykja þær frekar fullnægjandi en þeim sem eru 55 ára og eldri.



Sp. 5. Finnst þér yfirborðsmerkingar, þ.e. málun vera fullnægjandi eða ófullnægjandi á þjóðvegum landsins?


	Gild svör	Ófull nægjandi	Hvorki né	Fullnægjandi
	Fjöldi	%	%	%
Kyn*				
Karl	539	18,0	33,2	48,8
Kona	566	17,3	41,2	41,5
Aldur*				
Yngri en 25 ára	150	9,3	20,0	70,7
25-34 ára	205	17,1	34,6	48,3
35-44 ára	197	16,2	37,1	46,7
45-54 ára	205	19,0	42,9	38,0
55 ára og eldri	347	21,6	42,9	35,4
Búseta				
Reykjavík	423	18,9	35,0	46,1
Nágr.sveitarfélög Rvk.	271	15,1	39,9	45,0
Önnur sveitarfélög	387	18,6	38,0	43,4
Kjördæmi				
Reykjavíkurborg	423	18,9	35,0	46,1
Suðvesturkjördæmi	271	15,1	39,9	45,0
Norðvesturkjördæmi	98	17,3	37,8	44,9
Norðausturkjördæmi	155	19,4	36,1	44,5
Suðurborg	133	18,0	40,6	41,4
Fjölskyldutekjur				
399 þúsund eða lægri	248	18,1	37,5	44,4
400-549 þúsund	196	15,8	42,3	41,8
550-799 þúsund	252	17,1	35,7	47,2
800 þúsund eða hærri	286	19,9	32,5	47,6
Menntun				
Grunnskólapróf eða minna	71	16,9	32,4	50,7
Grunnskólapróf og viðbót	155	20,0	40,6	39,4
Framhaldsskólapróf	437	17,8	36,6	45,5
Háskólapróf	418	17,0	37,3	45,7

*Marktækur munur á milli hópa skv. Kíkvaðrat prófi ($p < 0,05$).




Sp. 6. Finnst þér merkingar, þar sem vinna fer fram við vegi, vera fullnægjandi eða ófullnægjandi?

	Fjöldi	%
■ Fullnægjandi	636	57,4
■ Hvorki né	234	21,1
■ Ófullnægjandi	239	21,5
Gild svör	1109	100,0



	Fjöldi	%
Gild svör	1109	96,3
Svöruðu ekki	42	3,7
Heildarfjöldi	1151	100,0



Ríflega 57% svarenda telja merkingar vegna vegavinnu fullnægjandi, en það er talsvert lægra en það sem kom fram í síðustu mælingu. Rúmt 21% svarenda telur hana ófullnægjandi sem er að sama skapi talsvert hærra hlutfall en í síðustu mælingu.

Á næstu síðu sést að karlar telja merkingar fremur fullnægjandi en konur. Svarendum sem eru yngri en 25 ára þykja þær frekar fullnægjandi en þeim sem eldri eru. Svarendum sem hafa háskólapróf þykja merkingar frekar fullnægjandi en þeim sem hafa grunnskólapróf eða minni menntun. Þeir svarendur sem hafahæstu tekjurnar telja merkingum frekar ábótavant og íbúar í Reykjavík og nágrenni telja það líkafrekar en þeir sem búa í öðrum sveitafélögum.



Sp. 6. Finnst þér merkingar, þar sem vinna fer fram við vegi, vera fullnægjandi eða ófullnægjandi?

	Gild svör	Ófull nægjandi	Hvorki né	Fullnægjandi
	Fjöldi	%	%	%
Kyn*				
Karl	540	25,4	23,9	50,7
Kona	568	17,8	18,5	63,7
Aldur*				
Yngri en 25 ára	150	11,3	11,3	77,3
25-34 ára	204	12,3	26,0	61,8
35-44 ára	200	23,5	19,0	57,5
45-54 ára	208	29,8	22,1	48,1
55 ára og eldri	349	25,2	23,2	51,6
Búseta*				
Reykjavík	426	25,4	20,2	54,5
Nágr.sveitarfélög Rvk.	268	23,5	19,8	56,7
Önnur sveitarfélög	390	15,4	23,3	61,3
Kjördæmi*				
Reykjavíkurborg	426	25,4	20,2	54,5
Suðvesturkjördæmi	268	23,5	19,8	56,7
Norðvesturkjördæmi	98	16,3	21,4	62,2
Norðausturkjördæmi	156	16,7	19,9	63,5
Suðurborg	137	13,1	28,5	58,4
Fjölskyldutekjur*				
399 þúsund eða lægri	252	17,1	22,6	60,3
400-549 þúsund	197	17,8	25,4	56,9
550-799 þúsund	254	19,3	18,5	62,2
800 þúsund eða hærrí	286	28,3	17,8	53,8
Menntun*				
Grunnskólapróf eða minna	71	15,5	39,4	45,1
Grunnskólapróf og viðbót	153	19,0	21,6	59,5
Framhaldsskólapróf	441	23,6	20,6	55,8
Háskólapróf	425	20,9	19,1	60,0

*Marktækur munur á milli hópa skv. Kíkvaðrat prófi ($p < 0,05$).



Sp. 7. Hvað má bæta? (Aðeins svör þeirra sem merkja við ófullnægjandi í sp.6)

- Athugasemdir sem snúa að því að merkingar komi fyrir. (60)
- Athugasemdir sem snúa að því að merkingar séu fleiri og skýrari. (12)
- Að láta ekki ókláraða vegi með mjög grófri yfirborðsmöl bíða frágangs. Frekar að láta þá vera frá upphafi eða setja til bráðbirgða finna yfirborðslag ef óvæntar tafir verða. Vegagerðin á alls engan rétt á að ætla sér beinlínis að láta fólksbíla þjappa fyrir sig vegina með mjög yfirborðslagi efst, með því alvarlega tjóni og sem það getur valdið bílunum og óþægindum fyrir farþega.
- Að minnka hraðann í gegnum þéttbýliskjarna. Er í 50 km núna mætti vera 30 km.
- Aðallega slitlag og merkingar á vegum. Þá á ég við allar merkingar.
- Aðkoman að þeim. Vantar skilti vegur þrengist o.þ.h.
- Alla vegagerð á Stór-Reykjavíkursvæðinu, Sundabraut, tvöfalda Suðurlandsveg, laga leiðir að aðalferðamannastöðum á suður- og vesturlandi, henda Blönduósi út og stytta leiðina til Akureyrar, sleppa Vaðlaheiðagöngum, ath. veita skal fjármagni til vegagerðar í hlutfalli við fólkstjórda, ekki kjördæmapoti sem minnihlutinn ræður alltaf.
- Allt. (2)
- Allt sem viðkemur vegaf framkvæmdum.
- Allt vegakerfið er í molum, minnir mig á heimsókn mína til Spánar fyrir 20 árum, þar sem alls kyns farataeki fóru um vegina þ.á.m. malartrúkkar sem ekki var hægt að komast framhjá. Í dag eru þjóðbrautir um allt á Spáni.
- Allt. 1. Kaupa reglustiku og leggja beina vegi. 2. Leggja vegi þannig að það skapi ekki slyshættu, eins og t.d. beygja og blindhæð fyrir brú. 3. Ekki leggja þjóðveg 1 í gegnum bæi, hraðahindranir og sjoppur. Það er ávísun á stórslys. 4. Ekki byrgja sýn, eins og draslið sem er á hringtorgum, blóm og stórgrýti. 5. Breikka vegi og aðskilja akbrautir. 6. O. fl. o.fl. Lesa sér til um hönnunarforsendur fyrir vegagerð. Til á ótal tungumálum. 7. Hringja í gemað og spyrja.
- Almennar merkingar og þær séu settar skipulegar fram.
- Almennar vegamerkingar. (2)
- Athuga skilti sem skyggja á útsýni víða við vegamót einkum þegar maður kemur frá hliðarvegum á Þjóðveg 1.
- Auðvitað er vegakerfið eilífarverkefni. Bundið slitlag á alla þjóðvegi. Breikka vegi. Burtu með einbreiðar brýr. Burtu með blindhæðir. Auka vegmerkingar. Fjölga stikum. Fjölga skiltum.
- Auka bundið slitlag, fjölga aðskildum akstursgreinum sérstaklega á þjóðvegi 1 eins og verið er að gera á Suðurlandsvegi og Reykjanesbraut. Koma í veg fyrir banaslys og alvarleg líkamstjón s.s. lömun. Vegirnir eru ekki allt, ala þarf upp betri bílstjóra.
- Auka og bæta bundið slitlag, bæta merkingar víða og aðvörunarskilti, t.d. hált í bleytu, minna á slysaðaði. Víða er þetta gott en annars staðar, t.d. út um land, má gera betur.
- Auka snjómokstur á vetrartíma alveg númer 1, 2 og 3.
- Breidd vega, aðskilnað akstursstefna, öryggissvæði, vegrið, merkingar o.s.frv.
- Breikka vegi, þ.e. ein og hálf akrein hvoru megin, laga bundið slitlag, skýrari merkingar á vegunum, fækka inn- og útafakstri m.a. með mislægum gatnamótum. Taka af óþarfa hlykki á vegunum.
- Breikka eldri vegi og auka við bundið slitlag.
- Breikka vegi.
- Breikka vegi, fækka/útrýma einbreiðum brúm, bundið slitlag á alla vegi.
- Breikka vegi og leggja á þá bundið slitlag.
- Breikka vegi víða til að minnka árekstrahættu. Aðgreina akreinar víða betur í sama tilgangi. Undirbyggja vegi víða betur undir bundið slitlag til að komast hjá „öldugangi“. Móta vegi betur að öðru leyti, t.d. halla í beygjum. Skilgreina hvað eru akvegir og hvað gangvegir eða reiðvegir. Klára að merkja vegi.
- Breikka vegi, lýsa og malbika.
- Breikka vegi og vera betur malbikaðir, þoli ekki þessar bætingar á vegunum sem valda hæðum og hólum, setja rákir, fræsa línu á milli akreina og við öxl, merkja betur vegi, er mjög sátt við hringtorgin á Blönduósi og víðar.



Sp. 7. Hvað má bæta? (Aðeins svör þeirra sem merkja við ófullnægjandi í sp.6)

- Breikka þarf vegi. Einnig bæta mjög merkingar við lagfæringar og breytingar, merkingar standa oft of lengi eftir að t.d. slitlagslagningu er lokið og svo tekur enginn mark á þeim þar sem þarf.
- Breikka vegi og vera með fleiri útskot. Gera allar brýr tvíbreiðar.
- Brýnt að auðvelda einkaaðilum að byggja og reka eigin vegi, sbr. Spöl ehf. og Hvalfjarðargöngin. Ljóst að ríkisvaldið er ekki verkefninu vaxið, eyðir miklu fé en afrekar lítið.
- Bundna slitlagið.
- Bæta merkingar og bæta við merkingum þegar vinnusvæði er lokið. Taka niður merkingar á vinnusvæði t.d. um helgar þegar augljóslega er ekki verið að vinna í vegi og engin augljós vegagerð í gangi, vegur fær.
- Bæta merkingar, auka slitlag, fjölga vegriðum, auka varúðarmerkingar. Hraðamyndavélar mega vera fleiri.
- Bæta merkingarnar, bæta lýsingu, meiri leiðbeiningar, meiri fyrirvaramerkingar.
- Bæta öryggið bæði á vegum, gangstígum og hjólastígum.
- Einbreiðar brýr og merkingar við viðgerðir.
- Fleiri og meira áberandi, lengra bil frá vinnustað.
- Fer eftir verktökum - sumstaðar í lagi en annað ekki. Eins er sem gleymst hafi að taka niður merkingar að verki loknu svo tilhneiging er að virða merkingar að vettugi.
- Finnst þurfi að aðvara fólk miklu fyrr en kemur að framkvæmdinni.
- Fjarlægð milli fyrstu meldingar um framkvæmdir fram að framkvæmdunum sjálfum er oft alltof stutt.
- Fjölga vegarköflum þar sem önnur akstursstefnan er tvöfölduð. Einnig að setja upp merkingar á ensku.
- Fleiri skiltavagna eins og eru notaðir í kringum borgina og merkingar byrji fjær framkvæmdum.
- Fleiri viðvörðunarkerki, breikkaða vegi, sífellda áminningu um hættur.
- Fleiri nýbyggðir vegir á ári.
- Fólk virðir illa blindhæðir, þyrfti að skoða m.t.t. merkinga afmáðar strikamerkingar á vegum of oft „blint“ framundan en þó ekki heilar línur á vegum.
- Fyrir utan höfuðborgarsvæðið, merking vinnusvæða er ábótavant og of stutt frá viðvörðun í vinnusvæði.
- Gera aðreinar frá þjóðvegi inn á sveitavegi. Breikka vegi á þjóðvegi 1 og útrýma einbreiðum brúm.
- Gera meira áberandi í fjölmíðlum, þannig að maður viti áður en lagt er af stað.
- Gera mönnum kleyft að ferðast um landið án þess að þekkja allar leiðir fyrirfram. Þekktustu bæir/kaupþún séu nefndir á vegamerkingum, ekki bara upphaf og endir. Þá þarf að setja margar viðvaranir, þegar mönnum dettur í hug að setja hringtorg á þjóðveg 1, einnig þegar vegagerð fer fram, með löngum fyrirvara, og ekki síður að taka niður tilkynningar þegar búnar eru framkvæmdir á svæðinu. Vera ekki með „false alarms“.
- Gera stíg fyrir hjólréiðamenn. Ég tel mikil sóknarfæri í ferðamenskun tengda hjólréiðum.
- Hafa tvíbreiðar brýr á fjölförnustu leiðum - nógu breiða vegöxl til að geta stöðvað bílinn í neyð. Vegrið milli akreina með umferð í gagnstæða átt.
- Hefla oftar fjölfarna malarvegi á landsbygðinni, jafnvel malbika víðar.
- Helst af öllu mætti bæta merkingar og aðvörðunarskilti þegar að verið er að vinna að vegum. Það er til skammar hversu slæmar merkingar eru áður en maður kemur að vinnusvæði oft er maður komin alveg ofan í það áður en maður verður var við aðvörðunarskilti. Síðan mætti alveg bæta skipulag vegamóta. Ég veit að það er dýrt en ég tel að það myndi marg borga sig þegar til langs tíma er lítið að búa til almennilegar slaufur þar sem hvorki eru sett umferðaljós, hringtorg eða stoppskilti. Vegrið í miðju vegar sem eru úr stálvír eru líka alveg óskiljanleg.
- Laga holur strax! Breikka vegi, merkja betur þar sem hættur geta verið, Taka skilti meira frá gatnamótum svo hægt sé að hafa gott sjónsvið, rykbinda malarvegi oftar. Það er svo margt sem hægt er að gagnrýna. Vegaframkvæmdir mættu vera meiri.
- Laga malarvegi.
- Láta merkingar byrja mun fjær framkvæmdum og merkja hvenær framkvæmdasvæði endar.



Sp. 7. Hvað má bæta? (Aðeins svör þeirra sem merkja við ófullnægjandi í sp.6)

- Láta vita betur í tíma að um vegavinnu sé að ræða og skilja vegi eftir í þannig ástandi t.d. þegar um helgarfrí vinnumanna er að ræða að vegirnir séu ekki illfærir eða nánast ófærir eins og sumstaðar er.
- Láta vita fyrr og meira áberandi.
- Leggja af framúrakstursútskot milli Svínahrauns og Reykjavíkur og tvöfalda veginn alla leiðina. Tvöfalda veginn í Ölfusi. Láta ekki umferðarlöggæslu bitna á hönnun vega, eins og gert var á Sandskeiði, sem jók hætturnar þar. Gefa fólki kost á að aka á 80 km hraða á klst. án þess að skapa hættuástand í umferðinni.
- Leiðin Reykjavík - Selfoss, ein fjölfarnasta leið landsins og úrbætur þar kaflaskiptar og hættur þar sem þeim lýkur og þær byrja. Þá vantar að setja hliðarveg á bili milli Hveragerðis og Ingólfsfjalls og fækka þar gatnamótum, setja ein stór gatnamót á stórt hringtorg miðja veginum. Þessi kaflar er stór hættulegur, þarf að bæta veginn þar verulega og brýnt að geyma það ekki lengur.
- Lengja viðvörðunartímann sem þú hefur og bæta við merkingum.
- Lengri viðvörðunarkerkingar þar sem framkvæmdir eiga sér stað.
- Lenti í því að keyra lengi á möl. Mætti gera styttri parta í einu og láta vita fyrirfram hversu langur kaflinn er.
- Malbikun á vegum landsins.
- Meira slitlag, slétta vegi og breikka vegi. Þ.s. að lögreglan sé sýnilegri.
- Meiri merkingar fyrr og umferðarstýringu.
- Merkingar á vegum og leiðum. Bundið slitlag á t.d. Barðaströndinni á Vestfjörðum.
- Merkingar á vegum og malbik.
- Merkingar eru handahófskenndar og illa ígrundaðar. Óþarfa merkingar láttnar standa allan sólarhringinn jafnvel þótt engin vinna fari fram og engin hættu stafi af akstri á eðlilegum hraða. Þetta verður til þess að almennt er ekki tekið tillit til merkinga vegna framkvæmda.
- Merkingar við vegaf framkvæmdir, malbikun vega og fleiri göng.
- Merkingar við/áður en kemur að vegamótum.
- Merkingar þar sem framundan er vegavinna eða vegur ekki í lagi. Sem og merkingar þar sem vegir eru holóttir eða malbik hefur sigið. Fólk þarf líka að hafa möguleika á að stoppa hér og þar um þjóðvegina en í flestöllum tilfellum (flestum vegum) er það ekki mögulegt.
- Merkingar þar sem unnið er eða hefur verið í veginum. T.d. þar sem möl hefur verið stráð yfir „viðgerðarbúta“. Eins eru þjóðvegir á köflum mjög ósléttir og helst til þröngir.
- Merkingar, lengri aðlögunartímabil og réttar merkingar.
- Merkja betur. (4)
- Merkja betur vegna vegaf framkvæmda og með lengri fyrirvara. Hafa veginna breiðari en gert hefur verið.
- Merkja framkvæmdir áður en maður er orðinn fastur! T.d. er nú verið að vinna við Borgarfjarðarbrúna og fyrstu merkingar eru þegar komið er á brúna - ekki hægt að keyra inn fyrir fjörð.
- Merkja með góðum fyrirvara áður en komið er að vinnusæði með skiltum og viðvörðun- og stefnu ljósum, jafnvel umferðarljósum. Nota keilur til að beina umferð í bráðabirgðalínur eða til að aðskilja umferð. Sé ekki verið að vinna á staðnum t.d. um helgar, ætti að taka niður óþarfa merkingar s.s. hraðatakmarkanir. Sé það ekki gert, hætta menn að virða merkingarnar - einnig þegar verið er að vinna við veginn! Vegagerðin verður að hafa eftirlit með verk tökum að þessu leyti. Reynslan sýnir að ekki er nóg að vísa í reglur í verklýsingu!
- Mest aðkallandi í vegagerð á Íslandi er að bæta vegi á sunnanverðum Vestfjörðum.
- Mætti vera meira af skiltum sem sýna vegalengdir!
- Oft engin merki hjá viðgerðarflokkum og svo má hylja hraðatakmarkanir um helgar þegar verktakinn er í frii og jafnvel fjarlægja merki sem þröngja veg að ástæðulausu.
- Setja 2+1 milli Hveragerðis og Selfoss.
- Slétta vegi og lagfæra einbreiðar brýr.
- Slétta vegi og breikka og merkja miklu betur vegavinnu.



Sp. 7. Hvað má bæta? (Aðeins svör þeirra sem merkja við ófullnægjandi í sp.6)

- Sléttun og breikkun á bundnu slitlagi er mjög brýnt. Kantstíkur og vegmerkingar eru víðast hvar í sæmilegu lagi, þó dregst oft úr hömlu að merkja nýja kafla. Hvað varðar malarvegi og hálendisvegi sem verið er að fara með ferðamenn um, þar er ástandið hræðilegt!
- Stíkur og merkingar við vegavinnu.
- Styrkja þarf vegina svo að þeir þoli þungafluttninga. Þungafluttningarnir eiga að greiða þann kosnaðarauka!
- Styttta leiðir, gera góðan hálendisveg milli norðurs og suðurs.
- Stærri merki og lengra frá vinnusvæði.
- T.d. í Reykjavík dettur mér í hug göngu- og hjólastígar eru illa merktir. Mætti bæta úr því.
- Taka merkingar burtu um leið og þeirra er ekki þörf. Ekki láta þær hanga uppi að óþörfu, þá verða þær marklausar og ekki tekið mark á þeim.
- Tilkynna fyrir þegar vegavinna er í gangi svo fólk geti tekið ákvarðanir fyrir hvert eigi að fara. Hætta að tala um að þessi og hin gata sé lokuð til átta (suðurs-austurs), heldur nota heiti á götum.
- Tvöfalda allan þjóðveg 1, breikka vegi annarsstaðar, miklu fleiri jarðgöng til að styttta vegalengdir og minnka snjómokstur, fleiri mislæg gatnamót við þéttbyli og þar sem umferð er talsverð (dæmi Bláfjallaveg, Mosfellsbæ, Grímsnesveg, Hveragerði, Bröttubrekku, Hvammstanga, Varmahlíð, Dalvíkurveg og sambærilegum gatnamótum). Stórbæta vegmerkingar og umferðaskilti, hraðaskilti áður en komið er að hraðamyndavélum.
- Tvöfalda vegi út frá Reykjavík.
- Umferðarmerkingar eru víða ófullnægjandi, eins afar slæmar merkingar vegna viðgerða og vegavinnu, oft illa merkt og alltof seint.
- Vantar oft skilti um að breyttum hámarkshraða sé lokið.
- Vantar vegrið við hættulega vegaparta.
- Vara vegfarendur við áður en þeir koma að framkvæmdunum. Einnig að vara við framkvæmdum þar sem vegurinn byrjar.
- Vara við með meiri fyrirvara og svo með jöfnu bili eftir það.
- Vegagerðin verður að átta sig á að hún ber ábyrgð á verktökum sem vinna hjá henni. Hún vísar öllu frá sér þegar gerðar eru athugasemdir við vinnubrögð og merkingar verktaka. Vegagerðin verður að virða sjónarmið þeirra sem eiga landið sem þjóðvegirnir liggja um. Það gengur ekki að Vegagerðin fari í fýlu ef menn voga sér að ræða viðkomandi framkvæmd við þá. Hvað þá að hafa skoðun. Vegagerðin er að þjónusta fólkið í landinu en á ekki að snúast um smákóna hjá fyrirtækinu.
- Vegakerfi Vestfjarða. (2)
- Vegi Vestfjarða og gera heilsárssamgöngur milli norður og suður Vestfirði.
- Vera meira áberandi og aðvara fyrir.
- Viðhald.
- Viðhald á bundnu slitlagi og útrýma einbreiðum brúum.
- Viðhald malarvega.
- Viðhald vega, drífa í að leggja bundið slitlag á slysigildrur einsog efri hluta Landvegur.
- Viðvaranir með alltof stuttum fyrirvara, brotin lína á vitlausum stöðum, eins með óbrotnar línur, furðulegar merkingar oft.
- Viðvaranir og skilti.
- Viðvörðunarkerki og (lækkaðan hámarkshraða) þarf að staðsetja fjær vinnusvæði. Þá þarf að fjarlægja viðvörðunarkerkingar eftir að vinnu er lokið þannig að fólk hætti ekki að taka mark á viðvörðunarkerkingum sem eru kannski uppi heilu mánuðina án þess að nokkur vinna sé í gangi. Yfirborðsmálningu þarf að bæta og vinna við það í upphafi sumars en ekki rétt fyrir fyrstu snjóá eins og hefur verið algengt. Þá þarf nauðsynlega að bæta þjónustu á malarvegum. Og eitt að lokum - stórauknar samgöngubætur norður í Árneshreppi.



Sp. 7. Hvað má bæta? (Aðeins svör þeirra sem merkja við ófullnægjandi í sp.6)

- Viðvörunarskilti þurfa að vera líka á ensku því vegabætur eru helst á sumrin þegar mikið er af ferðamönnum. Þeir þurfa líka að skilja hvað er framundan.
- Vil hafa betri merkingar, ekki á miðjum veginum og rétt við framkvæmdir eins og ég lenti í. Munaði því að sonur minn greip í stýrið annars væri ég ekki hér.
- Yfirborðsvegamerkingar, þar sem verið er vinna koma merkingar of nálægt hættusvæði t.d. í USA koma tvær til þrjár, varúð einn km, varúð 500 m síðan hættu!!!! við ættum að taka til okkar. Stóru flutningabílarirnir keyra of hratt taka ekki tillit til minni bíla og keyra of oft inná öfuga akrein, strekkja og auka hraðann hleypa ekki framúr.
- Það er mjög algengt að strax við upphaf vegaframkvæmda sé skilti sem lækki hámarkshraða umtalsvert. Það er skiljanlegt í langflestum tilfellum. Hinsvegar er einnig ótrúlega algengt að engin vinna eigi sér stað jafnvel allan þann dag eða helgi og engar hindranir á veginum eða hættu á ferð sem réttlætir lækkaðan hámarkshraða. Það tel ég að valdi því að fólk ber ekki virðingu fyrir lækkuðum hámarkshraða við framkvæmdasvæði sem skyldi. Það þyrfti að mínu mati að sýna öikumönnum þá virðingu að full ástæða sé fyrir lækkuðum hámarkshraða ef Vegagerðin á móti vill að starfsfólki sínu sé sýnd virðing og tillitssemi á framkvæmdasvæðum af öikumönnum.
- Það er tímabært að Íslendingar fari að leggja beina vegi, hætti þessu rússíbanabulli og algjörlega láta niður þann ósið að á undan brú komi beygja!
- Það má setja viðvörunarskilti fyrir þegar er verið að gera við. Og hérna innanbæjar gleymast þau stundum alveg. Þannig að bíllinn heggur allt í einu niður í ójöfnu. Utanbæjar finnst mér að þurfi að koma betur í veg fyrir holur í malarvegum. Sérstaklega þeim sem oftast hefur verið bent á að séu í slæmu ástandi.
- Það mætti oft setja merkingar fram. Hraðamerkingar eru líka stundum misvísandi.
- Það þarf að bæta viðhald allra vega. Ekki skynsamlegt að láta allt drabbast svo mikið niður að götur/vegir séu orðnar óöku færar vegna viðhaldsleysis.
- Það þarf að lagfæra og breikka vegi.
- Það þarf að merkja fyrir og gefa betri leiðbeiningar um hjáleiðir þegar vinna fer fram.
- Þar sem búið er að opna Kjalveg fyrir almenna umferð þá er alveg lármark að vegurinn sé fólksbílafær.
- Þar sem ég keyri mikið um landið finn ég mikla þörf á að breikka vegi og reyna að stytta vegleiðir t.d. frá Reykjavík til Akureyrar. Þar mætti einkum laga og stytta vegkaflann við Blönduós. Hugsanlega með því að fara framhjá bænum niður í Langadal. Halda ætti áfram gagnagerð. Á undanföllum árum hef ég verið mjög ánægður með þann þátt Vegagerðarinnar sem snýr að merkingum staða. T.d. nöfn áa og jafnvel eyðibýla. Söguskilti við veginn bera vott um mikinn metnað. Þarna ætti Vegagerðin að halda áfram för. Þetta er til mikils sóma. Ég hef einnig verið ánægður með vef Vegagerðarinnar. Hann er upplýsandi og til góðra nota.
- Þarf að vara við löngu fyrir og loka betur af og merkja mun betur við vinnustað.
- Þegar farið er í nýframkvæmdir þá sé forgangsráðað eftir því hvar banaslysinn verða en ekki byggðarsjónarmiðum. Tvöföldun akreina í báðar áttir.
- Þegar vinnu er lokið, gleymist að fjarlægja merkingar. Því vill brenna við að bílstjórar virða ekki merkingar, því þeir vita ekki hvort verið er að vinna við lagfæringar eða hvort þeim er lokið.
- Þjóðvegur 1 þolir ekki vörubílaumferðina. Það verður að bæta úr þannig að vegurinn sé öruggur og þoli þá flutninga sem þjóðin þarf á að halda.
- Öll upplýsingamerki um vinnu við vegi ættu að sjást fyrir, s.s. vera lengra frá vinnustaðnum. Í dag erum við farin að finna fyrir því að akvegir mættu vera breiðari, aukin umferð og stærri bílar. Í sumar hafa malarvegir utan þéttbýlis verið erfiðir yfirferðar, er engin leið til vökvunar, eru engir vatnsbílar til lengur.




Sp. 8. Hefur þú á síðastliðnum 12 mánuðum notað síma, textavarp, tölvupóst, heimasíðu (internet) eða aðra leið til að leita upplýsinga hjá Vegagerðinni?

	Fjöldi svara	% svarenda	% svara
■ Já, heimasíðu (internet)	633	56,5	44,7
■ Já, textavarp	218	19,4	15,4
■ Já, síma	170	15,2	12,0
■ Já, tölvupóst	41	3,6	2,9
■ Nei, ekkert	350	31,2	24,7
■ Já, annað**	5	0,5	0,4
Gild svör*	1417	126,4	100,0


	Fjöldi	%
Gildir svarendur	1121	97,4
Svöruðu ekki	30	2,6
Heildarfjöldi	1151	100,0

*Hér var hægt að nefna fleiri en einn svarmöguleika, því eru fleiri svör en svarendur.



**Annað

- Heimsótt
- Vefmyndavélar (3)
- Vegalengdir milli staða



*Hér hafa verið teknir út þeir svarendur sem völdu svarmöguleikann Nei, ekkert, til að gera samanburð við fyrri mælingar mögulegan.

Af þeim sem leita upplýsinga hjá Vegagerðinni eru það 56-57% sem nota heimasíðu til þess. Rúmlega 19% nota textavarp, rétt ríflega 15% nota síma og 3-4% nota tölvupóst. Frá því í síðustu mælingu hefur fjölgað í hópi þeirra sem nota heimasíðu til að leita upplýsinga og fleiri nota textavarp en síma, sem er öfugt við það sem var í síðustu mælingu.

Á næstu síðu má sjá hvernig mismunandi leiðir til að nálgast upplýsingar skiptast eftir bakgrunni svarenda.




Sp. 8. Hefur þú á síðastliðnum 12 mánuðum notað síma, textavarp, tölvupóst, heimasíðu (internet) eða aðra leið til að leita upplýsinga hjá Vegagerðinni?

	Gild svör	Já, síma	Já, textavarp	Já, tölvupóst	Já, heimasíðu (internet)	Nei, ekkert	Annað
	Fjöldi	%	%	%	%	%	%
Kyn							
Karl	544	16,6	21,0	4,5	60,0	29,1	0,6
Kona	577	13,8	17,9	2,9	53,2	33,2	0,4
Aldur							
Yngri en 25 ára	153	20,0	13,1	4,4	37,7	51,2	0,0
25-34 ára	205	15,9	19,1	1,7	65,8	23,0	0,0
35-44 ára	199	15,8	27,1	4,8	58,3	26,2	0,4
45-54 ára	207	15,8	19,4	3,6	62,5	27,3	1,3
55 ára og eldri	357	11,9	18,0	3,8	54,7	32,4	0,5
Búseta							
Reykjavík	429	14,7	14,4	2,8	52,0	38,5	0,4
Nágr.sveitarfélög Rvk.	270	14,0	17,5	4,7	51,5	36,3	0,8
Önnur sveitarfélög	396	17,2	26,6	3,8	65,0	19,3	0,4
Kjördæmi							
Reykjavíkurborg	429	14,7	14,4	2,8	52,0	38,5	0,4
Suðvesturkjördæmi	270	14,0	17,5	4,7	51,5	36,3	0,8
Norðvesturkjördæmi	99,6	14,6	33,7	4,3	67,1	20,2	0,7
Norðausturkjördæmi	156	18,5	32,0	2,6	65,9	13,5	0,0
Suðurborg	140	17,6	15,6	4,9	62,6	25,2	0,6
Fjölskyldutekjur							
399 þúsund eða lægri	258	14,2	15,3	5,5	51,3	36,0	0,3
400-549 þúsund	199	13,7	16,6	2,6	59,4	29,7	0,7
550-799 þúsund	255	11,7	22,0	2,2	56,8	30,2	0,0
800 þúsund eða hærra	287	18,5	20,5	4,0	60,3	30,6	0,5
Menntun							
Grunnskólapróf eða minna	71,1	11,2	14,7	0,0	48,3	34,7	0,9
Grunnskólapróf og viðbót	156	15,2	14,3	3,2	48,0	40,0	0,0
Framhaldsskólapróf	445	14,4	19,9	4,8	52,6	33,7	0,5
Háskólapróf	427	15,8	20,7	2,5	64,4	25,7	0,6

Ekki er reiknuð marktekt þegar svarendur geta valið fleiri en eitt svar.



Hér má sjá skýringarlíkan sem sýnir hvaða spurningar skýrðu tölfraðilega mest af viðhorfi fólks til Vegagerðarinnar



Í þessari skýrslu var áhrifagreiningu (e. path analysis) beitt til að athuga hvaða þættir skýrðu mest af viðhorfi fólks til Vegagerðarinnar. Spurningamar/þættirnir tveir lengst til vinstri í líkaninu skýra hluta af viðhorfi til Vegagerðarinnar eða 12%, sem er fremur lítil skýring.

β (betastuðull) sem er á hvorri áhrifalínu segir til um hversu mikil þau eru í hverju tilviki fyrir sig; í báðum tilvikum eru þau marktæk en þau teljast mjög sterk við $\beta = 0,20$ eða hærra gildi. Sá þáttur sem hefur langmestu áhrif á viðhorf til Vegagerðarinnar er ánægja með þjóðvegi almennt á Íslandi (sp. nr. 2). Viðhorf fólks gagnvart yfirborðsmerkingum (sp. nr. 5.) hefur einnig marktæk áhrif á viðhorf til Vegagerðarinnar, en áhrifin eru þó mun minni en áhrif ánægju með þjóðvegi almennt.